

Leikskólinn Hamravellir
Hvannavellir 1
221 Hafnarfjörður

Kópavogur, 19. ágúst 2024
Tilvísun: E48652

Skýrsla send á eftirfarandi netfang: hamravellir@hafnarfjordur.is og ishmael@hafnarfjordur.is

Eftirlitsskýrsla

Tilefni: Reglubundið eftirlit	Eftirlit framkvæmt: 16.8.2024
Starfsleyfi: Gildir til 30.8.2032	Starfsemi: Leikskóli
Aðsetur: Hvannavellir 1	Kt. 590969-7579
Fulltrúar fyrirtækis Helga Jakobsdóttir, aðstoðarleikskólalastjóri Fulltrúi Heilbrigðiseftirlits Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness: Anna Björk Sigurjónsdóttir, heilbrigðisfulltrúi	

Athugið að skýrsla þessi tekur aðeins til þeirra atriða sem skoðuð voru þann dag sem eftirlitið fór fram. Í samræmi við 13. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993 er þér veittur 14 daga frestur frá dagsetningu þessarar skýrslu til að koma á framfæri andmælum við innihald hennar. Heilbrigðiseftirlitið bendir á að loknum andmælafresti verður eftirlitsskýrslan birt á heimasíðu heilbrigðiseftirlitsins; www.heilbrigdiseftirlit.is.

Umfang eftirlits

Eftirlit fór fram skv. reglugerð um hollustuhætti nr. 903/2024 og reglugerð um öryggi leikvallatækja og leiksvæða og eftirlit með þeim nr. 1025/2022. Stuðst var við samræmd starfleyfisskilyrði fyrir leikskóla sem eiga sér m.a. stoð í fyrrgreindum reglugerðum og lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998. Að auki var skýrsla BSI frá þessu ári höfð til hliðsjónar. Svæðið var skoðað með tilliti til ástands og öryggis.

Niðurstöður eftirlits

- Merkingar:** Leiksvæðið er ómerkt en á merkinu skal koma fram nafn leiksvæðis, upplýsingar um rekstraraðila, tengslaupplýsingar og neyðarnúmer. Frávik.
- Galvaníserað járn:** Galvaníserað járn skal málað upp í að minnsta kosti 1,5 metra hæð svo ekki sé hætt á að börn festi tungu eða finger í frosti. Til dæmis má sjá ljósastaura á svæðinu sem þyrfti að mála. Frávik.
- Mörk:** Fótboltamörk á leiksvæðinu eru laus (mynd 1). Samkvæmt 11 gr. reglugerðar nr. 1025/2022 skulu mörk vera tryggilega fest niður. Frávik.
- Rólur:**
 - Hæð á setum:** Körfuróla (sunnar á leiksvæðinu) liggur of lágt (mynd 2). Rólan skal vera í að minnsta kosti 40 cm hæð. Setur á venjulegum rólum liggja einnig of lágt en þær skulu vera í að minnsta kosti 35 cm hæð (mynd 3). Frávik.
 - Ryð:**Töluvert ryð búið að myndast á rólustæðum (myndir 4 og 5). Þarfnast viðhalds. Ábending.
 - Körfuróla norðan megin á leiksvæði:** Vírar farnir að standa upp úr köðlum (mynd 6). Ábending.



5. **Kastali:** Þörf á málun og viðhaldi á kaðli (mynd 7). Ábending.
6. **Gormatæki:** Töluvert ryð búið að myndast á tækinu og málning farin að flagna (mynd 8). Ábending.

Ef athugasemdir eru við ofangreind atriði óskast þær sendar innan 14 daga til heilbrigðiseftirlitsins að Hlíðasmára 14, 201 Kópavogi, pósthólf 329 eða á tölvupóstfangið hef@heilbrigdiseftirlit.is.

Virðingarfyllst,
f.h. heilbrigðiseftirlits
Anna Björk Sigurjónsd.
Anna Björk Sigurjónsdóttir,
heilbrigðisfulltrúi.



HEILBRIGÐISEFTIRLIT

Garðabær • Hafnarfjörður • Kópavogur
• Mosfellsbær • Seltjarnarnes



Mynd 1. Mörkin eru laus.



Mynd 2. Körfuróla liggur of lágt.




Mynd 3. Seta liggur of lágt.



Mynd 4. Ryð á rólustæðu.



Mynd 5. Ryð á rólustæðu.



Mynd 6. Vírar liggja fyrir utan kaðla.

HEILBRIGÐISEFTIRLIT

Garðabær • Hafnarfjörður • Kópavogur
• Mosfellsbær • Seltjarnarnes



Mynd 7. Þörf á málun og viðhaldi.



Mynd 8. Þörf á málun og viðhaldi.